



UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS

FELLSMÚLA 26 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI +354 568 2929 • FAX +354 568 2935
umfi@umfi.is • www.umfi.is

Alþingi
Erindi nr. þ 130/641
komudagur 17.12.2003

Reykjavík, 15. desember 2003

Allsherjarnefnd Alþingis

Umsögn Ungmennafélags Íslands um tillögu um sjálfboðaliðastarf, 275. mál

Fyrir hönd Ungmennafélags Íslands vill undirritaður lýsa ánægju með tillögu um sjálfboðaliðastarf. Ungmennafélag Íslands hefur staðið fyrir miklu sjálfboðaliðastarfi allt frá stofnun samtakanna og hefur sjálfboðaliðastarf í ungmennafélagshreyfingunni aldrei verið meira en nú.

Það sjálfboðaliðastarf sem innt er af hendi verður seint fullmetið til fjár fyrir þjóðfélagið og þess vegna teljum við mjög jákvætt að komin sé fram tillaga á Alþingi um það hvernig megi efla virðingu fyrir starfi sjálfboðaliða og að tekið verði tillit til reynslu þeirra sem aflað hefur verið í sjálfboðaliðastarfi þegar þeir sækja um opinber störf.

Eins og að framan greinir hefur Ungmennafélagshreyfingin staðið fyrir miklu sjálfboðaliðastarfi og erum við fús til að veita upplýsingar ef með þarf og taka þátt í því starfi sem nefndin á fyrir höndum.

Fyrir hönd Ungmennafélags Íslands

Sæmundur Runólfsson
Framkvæmdastjóri



24. LANDSMÓT UMFÍ
SAUÐÁRKRÓKI



LEIFÞOGA
SKÓLINN